

Aganefnd Landsambands hestamannafélaga


Skýrsla Aganefndar 2016

Starfsemi aganefndar var með hefðbundnum hætti á árinu 2016. Eitt mál kom til kasta nefndarinnar og eru niðurstöður þess meðfylgjandi. Tveir hefðbundnir fundir voru haldnir á árinu og einnig var fundað eftir þörfum með síma og tölvusamskiptum.

Eftirtaldir aðilar voru í Aganefnd árið 2016:

| | |
|----------------------|--------------|
| Þorvaldur Sigurðsson | Formaður |
| Atli Már Ingólfsson | Nefndarmaður |
| Sæþór Fannberg | Nefndarmaður |
| Birna Baldursdóttir | Varamaður |
| Kristín Þórðardóttir | Varamaður |
| Þórarinn Þórarinsson | Varamaður |

Virðingarfyllst,



Þorvaldur Sigurðsson



Reykjavík 23. júní 2016

Til stjórnar LH

Aganefnd LH

Mál nr. 1/2016:

Tekið er fyrir bréf Ómars Inga Ómarsson, hestamannafélagsinu Hornfirðings Hornafirði. Í fyrrgreindu bréfi kærir Ómar ákvörðun stjórnar Hestamannafélagsins Hornfirðings vegna fyrirkomulags úrtöku félagsins fyrir Landsmót LH 2016. Byggir kæran á því að stjórn Hornfirðings hafi ekki haft leyfi til að heimila tveim félagsmönnum að keppa á úrtökumótum annara félaga, annars vegar á Hellu og hins vegar á norðurlandi. Í bréfi Ómars kemur fram að hann hafi haft samband við Huldu Gústafsdóttur, meðlim í keppnisnefnd LH og hún síðan við Sigurð Ævarsson formann keppnisnefndar LH og þau hafi tjáð honum að ákvörðun stjórnar Hornfirðings sé ólögleg samkvæmt reglum LH.

Málsmeðferð aganefndar:

Aganefnd LH byggir ákvörðun sína á viðeigandi reglum LH.

Við meðferð málsins kallaði aganefnd eftir eftirfarandi gögnum hjá formanni Hornfirðings:

Fundargerð stjórnar Hornfirðings þar sem ofangrein ákvörðun var tekin.

Mótaskýrslu úrtökumóts Hornfirðings, daga 11. og 12. júní 2016.

Auglýsingum fyrir ofangreint úrtökumót.

Jafnframt skilaði stórn Hornfirðings greinargerð um málið til aganefndar.

Úrskurður aganefndar:

Í grein 6.5. í lögum og reglum LH segir; „Val hrossa í gæðingakeppni og keppenda í banra- unglinga- og ungmennakeppni á landsmótum skal fara fram hjá félögum eftir lögum og reglum LH um gæðingakeppni. Barni, unglingi og ungmenni er heimilt að mæta með fleiri en eitt hross í forkeppni í úrtöku sbr. reglur um keppni á yngri flokkum, grein 7.7.2 Einkunnir í forkeppni skula ávallt ráða vali hrossa á landsmót en ekki röðun úr úrslitakeppni sé hún viðhöfð. Þá er félögum heimilt að hafa tvær



umferðir og gildir þá betri árangur.“ Ennfremur er í grein 6.5. fjallað um stöðulista en sex efstu hestar á þeim lista fá jafnframt rétt til þátttöku á landsmóti. Öðrum reglum, hvað þetta varðar, um rétt til keppni á landsmóti er ekki fyrir að fara í lögum og reglum LH.

Í tilvitnuðum texta greinarinnar kemur einungis fram að val hrossa í gæðingakeppni skuli fara fram hjá félögum eftir lögum og reglu LH um gæðingakeppni. Ákvæðið tekur því ekki á eða takmarkar sérstaklega heimildir félaganna til að ákveða sjálf með hvaða hætti staðið er að vali keppenda á landsmót hjá hverju félagi. Gera verður hins vegar þá kröfu til félaganna að aðferðin sé samþykkt af stjórn viðkomandi félags eða þar til bærrí nefnd innan félagsins ef valið er á verksviði hennar og að aðferðin sé ómálefnaleg og gæti jafnræðis og að hún hafi verið kynnt keppendum.

Með vísan til ofangreinds er það mat aganefndar að stjórn Hestamannafélagsins Hornfirðings hafa haft fulla heimild til að ákveða hvar og hvernig úrtöku og vali á hrossum fyrir Landsmót 2016 var háttað og að sú aðferð sem viðhöfð var hafi verið lögmæt út frá lögum og reglum LH. Ákvörðun Hornfirðings sem vísað er til í kærú stendur og telst lögmæt.

Aganefnd vill einnig benda á að það kann að orka nokkuð tvímælis að nafngreindir fulltrúar í keppnisnefnd LH ráðleggi keppendum eða félögum og veiti afdráttarlaus svör um lög og reglur LH varðandi einstök mál sem til meðferðar eru í stað þess að beina erindum í réttan kæruférl þar sem eðlilegt er að niðurstaða fái um þau. Með því hafa keppnisnefndarmeðlimir tekið afstöðu til einstakra mála sem ekki er gott við áframhaldandi vinnslu málanna, eða ef keppnisnefnd þarf að fjalla um málin á öðrum vettvangi. Ekkert er því til fyrirstöðu að leitað sé til fróðra aðila um ráð og leiðbeiningar. Hins vegar er óheppilegt að nefndarmeðlimir LH blandi sér í einstaka mál og veiti afdráttarlaus álit sitt um túlkun lagaatriða, óháð því hver niðurstaða er.

Úrskurðarorð:

Ákvörðun stjórnar félags Hornfirðings um val keppenda í gæðingakeppni á landsmót 2016 stendur.

Úrskurð þennan skal stjórn LH birta kæranda.

Úrskurðinn má kæra til dómstóls ÍSÍ samkvæmt reglum ÍSÍ þar um.

Aganefnd LH

Þorvaldur Sigurðsson, formaður

Atli Már Ingólfsson, hdl.

Sæþór Fannberg